

Bestu lummur í heimi

(„Du gaidelíai“ frá Litháen)

C
Hanar tveir

á hveitiakri
F C
safna korn' og gala.

F
//:Hænur tvær

C
í myllu bera:
G7 C
kornið þarf að mala.://



Geitapabbi
malar kornið,
geitamamma flokkar.
Kiðlingurinn
sigtar mjölið,
nið'rí pokann okkar.



Flugan býr til
lummudeigið,
mý með vatn á sveimi.
Sólin sýður,
tunglið steikir
bestu lummur í heimi.

